



Alþingi
Erindi nr. P 136/806
komudagur 4.2.2009

Nefndarsvið Alþingis
b.t. heilbrigðisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landspítala, 3. febrúar 2009
Tilv.: 40.13/DH

Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, þskj. 190, 162. mál.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

1. gr.

- a.** Samkvæmt ákvæðinu setur ráðherra nánari ákvæði um merkingar í reglugerð, eins og verið hefur. Lagt er til að í reglugerð ráðherra verði kveðið á um að óheimilt sé að tiltaka magn hvers innihaldsefnis á sígarettupakka og að einungis verði heimilt að tilgreina hvaða efni sígarettunnar innihaldi. Rökin fyrir þessari tillögu eru m.a. að birting á magni innihaldsefna getur gefið neytendum villandi upplýsingar að því leyti að þeir líti svo á að ef minna magn t.d. nikótíns eða tjöru er í einni tegund sígarettugerðar að þá sé sú tegund „hollari“ en önnur. Auk þess hefur verið sýnt fram á að mælingar sem gerðar eru á magni innihaldsefna í sígarettum eru ekki í samræmi við raunverulegt magn efna sem neytendur fá með reykingum og því villandi hvað varðar raunverulega hættu sem neytendum stafar af. Í þessu sambandi má m.a. vísa í skýrslu sem unnin var í nóvember 2007 í University of Waterloo, *Tobacco Packaging and Labelling: A Review of Evidence*, bls. iv (sjá nánar www.tobaccolabels.ca/constitu).

Einnig má benda á að í tilvitnaðri skýrslu, bls. 26, er fjallað um þá hugmynd að allir sígarettupakkar hafi sama útlit óháð tegund og framleiðanda („Plain“ Packaging) www.tobaccolabels.ca/prohibit. Ávinniningur af þessu væri að draga úr villandi áhrifum auglýsinga/markaðssetningar á neytendur. Í því sambandi má sem dæmi

nefna að sýnt hefur verið fram á að neytendur hafa tilhneigingu til að tengja ljósbláan lit við „light“ sígarettur, en raunin er ekki sú. Einnig hefur verið sýnt fram á (sjá tilvitnaða skýrslu) að einfaldar umbúðir draga úr áhrifum markaðssetningar gagnvart unglíngum og undirstrika viðvörunartexta og aðrar merkingar á sígarettupökkum.

2. gr.

- a. Athygli vekur að með ákvæðinu er felld út heimild í tóbaksvarnarlögum til handa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að gefa út verðskrá fyrir tóbak.

f.h. forstjóra Landspítala


Dagrún Hálfánardóttir, lögfræðingur

Afrit:

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala